

Ed.

522. Breytingartillögur

við frv. til laga um útsvör.

Frá Einari Árnasyni.

I. Við 8. gr. Á eftir b-lið komi nýr liður, svo hljóðandi:

Ef hann rekur atvinnu í fleiri sveitum en einni, ekki skemur en 8 vikur. Svo og ef rekin hefir verið verslun, hvalveiði, sildarkaup, sildarsala, sildarverkun, sildarbræðsla eða annar sildaratvinnurekstur, verksmiðjuíðnaður hverskonar sem hann er, enda þótt skemur sje rekið. Ennfremur ef skip leggur upp afla sinn utan heimilissveitar útgerðarmanns eða eiganda, að minsta kosti samtals 4 vikur af gjaldárinu; ef um sildarafla er að ræða, má þó sá tími skemri vera.

II. Við 9. gr. 1. Töluliðurinn falli burt.